


Minningarmót um Capablanca



Ég með Capablanca

Í júní síðastliðinn hélt ég til Kúbu ásamt góðum félögum mínum, þeim Hjörvari, Aroni Inga, Herði Aroni og Jóni Trausti til að taka þátt í hinu fræga minningarmóti um Capablanca í Havana. Ferðalagið var langt en við flugum til Frankfurt og síðan þaðan beint 11 tíma flug yfir Atlantshafið til Havana, en það kom ekki að sök þar sem við höfðum 2 daga til að hvílast fyrir mótið. Lífið og aðstæður á Kúbu eru öðruvísi heldur en maður er vanur, soldið eins og að ferðast 50 ár aftur í tímann þegar maður sér bílana, húsin, sjónvörp og annað. Kúbverjar taka lífinu með ró og maður finnur að það sé minna um stress heldur en í Evrópu, þó að maður verði alltaf fyrir smá áreysi sem túristi, og við vorum flestir sammála um að það var mjög gott að fá hvíld frá netinu og facebook.

Mótið var mjög þétt og mikið af ágætum skákmönnum og eru Kúbverjar þekktir fyrir að vera oft sterkari heldur en stigin segja til

um. Eins og árangur okkar bar vitni um en við töpuðum allir stigum fyrir utan Hörð Aron sem stóð sig eins og hetja og hækkaði um 50 stig, mjög gaman að sjá framfarirnar hjá honum en hann var að tefla mjög vel og á móti stigahærri andstæðingum allt mótið. Ég hefði viljað gera betur að sjálfsögðu, taflmennska mín var allt í lagi í byrjun móts en að klúðra tveimur unnum stöðum í jafntefli mjög klaufalega setti strik í reikninginn. Af virðingu við Capablanca ákvað ég þó að tefla eina góða endataflsskák í mótinu sem ég vann í rúmum 120 leikjum (sjá fyrir neðan).

Eftir Kúbu fór ég svo til St.Pétursborgar þar sem ég tók þátt í lokuðum GM-flokki. Undirbúningur fyrir mótið fólst í því að fara í saunu þar sem ég var látinn afklæðast og laminn í mínútu með trjágreinum sem höfðu verið látnar liggja í heitu vatni, (að rússneskum sið var mér sagt), og fékk ég að vera með kjánalega húfu á meðan sem gerði barninginn aðeins bærilegri. Mótið gekk því miður ekki mjög vel þrátt fyrir að ég hafði lagt miklar vonir við undirbúninginn.



Ég með rússneskum félögum mínum

Nú er ég staddur í Moldavíu þar sem ég slaka á og undirbý mig fyrir næsta mót sem er í Riga sem ég tek þátt í ásamt Hjörvari og Oliveri Aroni.